

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Pósthússtræti 13-15.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 4. október 2013, breytingu á deiliskipulagi 1.140.5, Pósthússtrætisreits vegna lóðarinnar nr. 13-15 við Pósthússtræti. Í breytingunni felst að setja svalir á austurhlið hússins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sölvhólsgata 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 2. október 2013, breytingu á deiliskipulagi Stjórnarráðsreits vegna lóðar nr. 11 við Sölvhóls-götu. Breytingin gengur út á staðsetningu bráðabirgðahúsa til kennslu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 7. október 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. október 2013